

**Nd. 548. Frumvarp til laga [260. mál]**

um breytingu á lögum nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, og lögum nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Jósef H. Þorgeirsson, Garðar Sigurðsson, Eggert Haukdal, Ingólfur Guðnason, Ólafur P. Þórðarson.

1. gr.

8. gr. laga nr. 42/1903 orðist sem hér segir:

Hver sá er rekur verslun, handiðnað eða verksmiðjuíðnað skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir, um nafn það, er hann notar við atvinnuna, og um undirskrift fyrir hana (firma), enda beri fyrirtækið og atvinnustarfsemi þess nöfn, sem samrýmist íslensku málkerfi að dómi skrásetjara. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

2. gr.

4. gr. laga nr. 53/1963 orðist sem hér segir:

Leyfi samkvæmt lögum þessum er óheimilt að veita, ef umsækjandi fullnægir ekki eftirgreindum skilyrðum:

1. Er fjárráða.

2. Hefur forræði á búi sínu.

3. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta ár.

4. Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi fellur að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

Áður en lögreglustjóri veitir leyfi skal hann leita álits bæjar- og sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (heilsugæslulæknis þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Lögreglustjóri getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til tækifærisveitinga án þess að leitað sé um þau álits, og utan kaupstaða getur hreppstjóri á sama hátt veitt slík leyfi. Leyfi skulu bundin við nafn og óframseljanleg. Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 24/1959.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta til laga, sem flutt er af nefndarmönnum í allsherjarnefnd neðri deildar, er flutt í framhaldi af þeim umræðum sem orðið hafa í vetur um erlend nöfn á íslenski atvinnustarfsemi.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 8. gr. laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Leiðrétt er prentvilla í lögnum, þar sem sagt er að ágreiningi, sem rísa kunní, skuli vísa til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953. Hér er átt við Örnefnanefnd, en í fyrri lögum var vísað til laga nr. 33/1953, sem var augljós prentvilla. Þetta er hér með leiðrétt.

Í gildandi lögum segir: „...enda beri fyrirtækið nafn, sem samrýmist íslensku málkerfi.“ Nú er bætt við: „enda beri fyrirtækið og atvinnustarfsemi þess nöfn“ o. s. frv. Þetta er gert vegna þess að þrátt fyrir augljósan tilgang laga nr. 42/1903 með síðari breytingum (laga nr. 24/1959) hefur borið á því, að fyrirtæki er skráð með íslensku nafni, en síðan er rekin

atvinnustarfsemi með nafni sem ekki samrýmist íslensku málkerfi. Þessi breyting er gerð til þess að taka af tvímæli um tilgang þessara laga.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 4. gr. laga nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl. Greinin er óbreytt að öðru leyti en því, að bætt er við fjórða skilyrðinu, þ. e. að óheimilt sé að veita leyfi nema nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi falli að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli og að ágreiningi, sem rísa kann, megi skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.